



Reglur um sölu íbúða í Fjarðabyggð

Markmið þessara reglna er að skýra hvernig staðið er að sölu íbúða í eigu Fjarðabyggðar hvort heldur um er að ræða félagslegar íbúðir eða íbúðir eignasjóðs. Ef um félagslegar íbúðir er að ræða skal þó fyrst leita álits félagsmálastjóra.

Stefna Fjarðabyggðar er að eiga sem fæstar íbúðir en nýta í staðinn þau úrræði sem félagsþjónustukerfið hefur upp á bjóða, þ.e. húsaleigubætur og sérstakar húsaleigubætur.

1. Eigna- skipulags- og umhverfisnefnd (ESU) fer, í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar, yfir sölulíkur næsta árs og markar stefnu um fjölda íbúða sem æskilegt er að selja. Sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs leggur fyrir ESU tillögu að sölulista íbúða og er ákvörðun nefndarinnar um endanlegan sölulista lögð fyrir bæjarstjórn til staðfestingar.
2. Framkvæmd og ákvörðun um sölu einstakra eigna á sölulistanum er á höndum sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs
3. Sala félagslegrar íbúðar sem byggist á uppsögn leigusamnings af hálfu Fjarðabyggðar skal staðfest af félagsmálanefnd.
4. Hafi leigjandi búið tvö ár eða lengur í íbúð þar sem leigusamningi er sagt upp skal gefa honum kost á að kaupa íbúðina á verðmati löggilts fasteignasala. Náist ekki samningar skal íbúðin auglýst á hefðbundinn hátt og nýtur leigjandi þá ekki réttar umfram aðra tilboðsgjafa.
5. Íbúðir í eigu Fjarðabyggðar skulu seldar að undangenginni almennri auglýsingu frá löggiltri fasteignasölu.
6. Mat á tilboðum skal byggt á verðmati fasteignasala. Sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs hefur umboð til að hafna tilboðum og gera gagntilboð í samráði við fjármálastjóra.
7. Kaupsamningar skulu lagðir til endanlegrar samþykktar og staðfestingar í bæjarráði.

Reglurnar taka gildi við staðfestingu bæjarstjórnar og falla jafnframt eldri reglur úr gildi.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 4. október 2018


Karl Óttar Pétursson

Bæjarstjóri

